

## Jafnlaunastefna Þingeyjasveitar

Þingeyjasveit leggur áherslu á að tryggja öllu starfsfólki jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og tryggja að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir allt starfsfólk, óháð kyni, uppruna eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Jafnlaunakerfi sveitarfélagsins nær til alls starfsfólk sveitarfélagsins og er jafnlaunastefnan órjúfanlegur hluti af launastefnu þess.

Sveitarfélagið mun framfylgja jafnlaunastefnu sinni með eftirfarandi aðgerðum:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012.
- Framkvæma launagreiningu minnst einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni. Niðurstöður launagreininga verða kynnta starfsfólki.
- Bregðast við ef upp kemur óútskýrðum launamunur með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og rýna kerfið og árangur þess með stjórnendum a.m.k. árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna stefnuna fyrir starfsfólki og hafa stefnuna aðgengilega á vef sveitarfélagsins.

Þingeyjarsveit hefur sett sér jafnlaunamarkmið um að óútskýrður launamunur úr launagreiningu skuli ekki vera meiri en +/- 2,5%.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að samþykkja stefnur sveitarfélagsins í jafnréttis- og jafnlaunamálum. Sveitarstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfinu og innleiðingu þess. Sviðsstjóri fjármála og stjórnáslusviðs ber ábyrgð á viðhaldi jafnlaunakerfis í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

Samþykkt í byggðarráði 27. júlí 2023